



Dagskrá heimsóknar hans hátignar Olav V Noregskonungs 31. Maí til 3. Júní 1961

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Dómsmálaráðherra – Heilbrigðimálaráðherra –
Iðnaðarmálaráðherra – Noregskonungur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-27, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



DÓMSMÁLARÁÐHERRA

BIFREIÐASKRÁ

KONUNGUR NOREGS
HANS HÁTIGN
OLAV V

Föruneyti

NOREGSKONUNGS

HALVARD LANGE
utanrikisráðherra

ODD GRÖNVOLD
stallari

E. T. LUNDESGAARD
ofursti

ARNE HAUGH
major

Íslenzkt fylgdarlið
NOREGSKONUNGS

DR. SIGURÐUR NORDAL
prófessor

PÉTUR SIGURÐSSON
forstjóri

Fylgdarmaður
UTANRÍKISRÁÐHERRA NOREGS
ÞORLEIFUR THORLACIUS
deildarstjóri

MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ

Varðskipið ÓÐINN siglir til móts við konungsskipið NORGE og fylgir því til hafnar.

Reykjavíkurhöfn.

Árdegisbúningur.

Kl. um 10.30: Utanríkisráðherra Noregs Halvard Lange, ambassador Noregs, Bjarne Børde, dr. Sigurður Nordal og Valgeir Björnsson, hafnarstjóri fara um borð í K.S. NORGE.

Kl. 10.45: Viðstaddir við höfnina (Loftsbryggju næst vestan Grófarbryggju) eru auk forseta Íslands og forsetafrúar:
Forsætisráðherra Ólafur Thors, utanríkisráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson, dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson, félagsmálaráðherra Emil Jónsson, fjármálaráðherra Gunnar Thoroddsen, menntamálaráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason, landbúnaðarráðherra Ingólfur Jónsson, forseti sameinaðs Alþingis Friðjón Skarphéðinsson, forseti Hæstaréttar Gizur Bergsteinsson, frú ambassadors

MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ

Noregs, Haraldur Guðmundsson ambassador, Geir Hallgrímsson, borgarstjóri, frú Auður Auðuns forseti bæjarstjórnar Reykjavíkur, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, Agnar Kl. Jónsson ambassador, ráðuneytisstjóri utanrikisráðuneytisins, Haraldur Kröyer forsetaritari, Hörður Bjarnason húsameistari ríkisins, Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, Torfi Hjartarson tollstjóri, Finn Sandberg sendiráðsritari, svo og fylgdarlið konungs og utanrikisráðherra Noregs.

Kl. 11.00: Bátur Noregskonungs leggur að bryggju og konungur stigur á land.

Þegar forseti Íslands og forsetafrú hafa heilsað konungi og fylgdarmönnum hans, verða leiknir þjóðsöngvar Noregs og Íslands. Þá kynna forsetahjón viðstadda fyrir konungi.

Síðan taka menn sér sæti í bifreiðum eins og segir í bifreiðaskrá 1.

Kl. 11.20: Ekið frá höfninni (um Geirsgötu, Pósthússtræti, Hafnarstræti, Lækjartorg, Lækjargötu og Vonarstræti að Tjarnargötu 32).

Kl. 11.30: Komið að Ráðherrabústaðnum. Forsetahjón fylgja konungi til íbúðar hans. Forsetaritari Haraldur Kröyer tekur á móti.

Athöfn á Austurvelli.

- Kl. 12.00: Ekið frá Ráðherrabústaðnum (um Tjarnargötu, Skóthúsveg, Frikirkjuveg, Lækjargötu, Skólalbrú, Kirkjustræti að dyrum Alþingishússins). Bifreiðaskrá 2.
- Kl. 12.05: Komið að Alþingishúsi.
- Kl. 12.07: Konungur leggur blómsveig að styftu Jóns Sigurðssonar.
- Kl. 12.15: Gengið í Alþingishús. Forsetar Alþingis taka á móti. Konungur skoðar Alþingishúsið undir leiðsögn þeirra. Konungur og forseti Íslands ganga út á svalir Alþingishússins.
- Kl. 12.25: Ekið frá Alþingishúsi að Ráðherrabústaðnum (um Templarasund, Vonarstræti og Tjarnargötu). (Bifreiðaskipan óbreytt.) (Bifreiðir A og B halda síðan áfram að Hótel Borg, og bifreið C að norska sendiherrabústaðnum.)
- Kl. 13.15: Ekið frá Hótel Borg og norska sendiherrabústaðnum að Ráðherrabústað. (Bifreiðir C, A og B.)
- Kl. 13.30: Hádegisverður í Ráðherrabústaðnum.

MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ

BIFREIÐASKRÁ

Athöfn í Fossvogskirkjugarði.

- Kl. 15.30: Ekið frá Ráðherrabústaðnum í Fossvogskirkjugarð (um Tjarnargötu, Hringbraut, Reykjanesveg). Bifreiðaskrá 3.
- Kl. 15.40: Komið að norska minnisvarðanum í Fossvogskirkjugarði. Konungur Noregs leggur blómsveig að minnisvarðanum.
- Kl. 16.00: Ekið til baka að Ráðherrabústaðnum (og Hótel Borg og norska sendiherrabústaðnum). (Bifreiðaskipan óbreytt.)

Móttaka fyrir forstöðumenn erlendra sendiráða í Reykjavík.

Klæðnaður: Árdegisbúningur.

- Kl. 16.45: Fylgdarlið ekur að Ráðherrabústaðnum. Bifreiðaskrá 4.
- Kl. 17.00: Konungur Noregs tekur á móti forstöðumönnum erlendra sendiráða í Ráðherrabústaðnum. Ambassador Noregs Bjarne

MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ

Börde kynnir. Viðstaddir verði utanríkisráðherra Lange, Grönvold stallari konungs, Lundesgaard ofursti og Haugh major, auk Agnars Kl. Jónssonar ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins.

Kvöldverður að Hótel Borg.

Klæðnaður: Kjölföt, heiðursmerki.

Kl. 20.05: Forsetahjón koma að Hótel Borg, aðaldyrum (í forsetabifreið 2).

Kl. 20.10: Konungur Noregs ekur frá Ráðherrabústaðnum að Hótel Borg, aðaldyrum (forsetabifreið 1).

Kl. 20.15: Kvöldverður að Hótel Borg.

Kl. um 23.00: Konungur Noregs ekur frá Hótel Borg að Ráðherrabústaðnum. Bifreiðaskrá 5. (Bifreiðir A og B aka síðan fylgdarliðum heim.)

Kl. um 23.05: Forsetahjón aka til Bessastaða í forsetabifreið 2.

Kl. 23.30: Veizlulok.

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Heimsókn í Háskóla Íslands.

Árdegisbúningur eða dökk föt.

Kl. 9.45: Forsetahjón koma í Ráðherrabústaðinn.

Kl. 9.45: Fylgdarlið ekur að Ráðherrabústaðnum.
Bifreiðaskrá 6.

Kl. 9.52: Ekið frá Ráðherrabústaðnum að Háskóla Íslands. Bifreiðaskrá 7.

Kl. 9.55: Komið að Háskóla Íslands.

Kl. 10.45: Ekið frá Háskóla Íslands að Þjóðminjasafni. (Bifreiðaskipan óbreytt.)

Heimsókn í Þjóðminjasafnið.

Kl. 10.50: Komið að Þjóðminjasafni.

Kl. 11.45: Ekið frá Þjóðminjasafni að Ráðherrabústaðnum. (Bifreiðaskipan óbreytt.)

Kl. 11.50: Forsetahjón Íslands aka frá Ráðherrabústaðnum að Bessastöðum (í forsetabifreið 2).

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Heimsókn að Bessastöðum.

Árdegisbúningur.

Kl. 12.10: Ekið frá Ráðherrabústaðnum að Bessastaðakirkju (um Hringbraut og Reykjanesbraut). Bifreiðaskrá 8.

Kl. 12.30: Guðsþjónusta í Bessastaðakirkju.

Kl. 13.05: Messulok.

Kl. 13.15: Hádegisverður að Bessastöðum.

Kl. 14.50: Brottför frá Bessastöðum að Ráðherrabústaðnum og Hótel Borg. Bifreiðaskrá 9.

Kl. 15.15: Komið að Ráðherrabústaðnum (Hótel Borg, norska sendiherrabústaðnum).

Móttaka Reykjavíkurbæjar.

Árdegisbúningur eða dökk föt.

Kl. 15.50: Forsetahjón koma í Ráðherrabústaðinn.

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

- Kl. 15.50: Fylgdarlið ekur að Ráðherrabústaðnum. Bifreiðaskrá 10.
- Kl. 15.55: Ekið frá Ráðherrabústaðnum að Melaskóla (um Hringbraut, Furumel og Nesveg). Bifreiðaskrá 11.
- Kl. 16.00: Móttaka Reykjavíkurbæjar í Melaskóla.
- Kl. 17.15: Ekið frá Melaskóla að Ráðherrabústaðnum. (Bifreiðaskipan eins og bifreiðaskrá 11.)

Kvöldverður í Ráðherrabústaðnum.

Klæðnaður: Kjölföt, heiðursmerki.

- Kl. 19.00: Forsetahjón koma að Ráðherrabústaðnum.
- Kl. 19.00: Fylgdarlið ekur að Ráðherrabústaðnum. Bifreiðaskrá 12.

Kvöldverður í Ráðherrabústaðnum.

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Hátíðasýning í Þjóðleikhúsi.

Klæðnaður: Kjölföt, heiðursmerki.

Kl. 20.30: Ekið frá Ráðherrabústaðnum að Þjóðleikhúsi. Bifreiðaskrá 13.

Kl. 20.37: Konungur og forsetahjón aka frá Ráðherrabústaðnum að Þjóðleikhúsi. (Sjá bifreiðaskrá 13.)

Kl. 20.42: Konungur og forsetahjón koma að aðaldyrum Þjóðleikhússins.

Kl. 20.45: Hátíðasýning í Þjóðleikhúsi.
Að lokinni sýningu í Þjóðleikhúsi verður ekið að Ráðherrabústaðnum. (Bifreiðaskrá 14.)

Síðan aka forsetahjón til Bessastaða og föruneytið norska að Hótel Borg.

FÖSTUDAGUR 2. JÚNÍ

Þingvallaför.

Hversdagsklæðnaður.

- Kl. 8.25: Forseti Íslands og hið norska og íslenska fylgdarlið koma að Ráðherrabústaðnum.
- Kl. 8.30: Ekið frá Ráðherrabústaðnum til Þingvalla (um Hringbraut, Snórrabraut, Hverfisgötu, Laugaveg og Suðurlandsbraut). Bifreiðaskrá 15.
- Kl. 9.30: Staðnæmzt í Almannagjá og gengið á Lögberg. Hressing í ráðherrabústað á Þingvöllum.
- Kl. 10.45: Ekið til Reykjavíkur (um Þingvallaveg, Suðurlandsbraut, Miklubraut og Hringbraut). (Bifreiðaskipan óbreytt.)
- Kl. um 11.45: Komið að Ráðherrabústaðnum.

FÖSTUDAGUR 2. JÚNÍ

BIFREIÐASKRÁ

Hádegisverður í Sjálfstæðishúsinu.

Árdegisbúningur eða dökk jakkaföt.

Kl. 12.40: Fylgdarlið ekur að Ráðherrabústaðnum.

Kl. 12.50: Ekið frá Ráðherrabústaðnum að Sjálfstæðishúsinu (um Tjarnargötu, Vonarstræti, Templarasund og Kirkjustræti). Bifreiðaskrá 16.

Kl. 12.55: Komið að Sjálfstæðishúsinu.

Kl. 13.00: Hádegisverður ríkisstjórnarinnar í Sjálfstæðishúsinu.

Kl. 14.45: Ekið frá Sjálfstæðishúsinu að Ráðherrabústaðnum. (Bifreiðaskipan óbreytt.)

**Móttaka fyrir norska boðsgesti
í norska sendiráðinu.**

Hversdagsklæðnaður.

Kl. 15.50: Ekið frá Hótel Borg að Ráðherrabústaðnum. Bifreiðaskrá 17.

FÖSTUDAGUR 2. JÚNÍ

Kl. 15.55: Ekið frá Ráðherrabústaðnum að norska sendiráðinu (um Skothúsveg og Fjólugötu).

Kl. 16.00: Komið að norska sendiráðinu.

Kl. 17.30: Brottför frá norska sendiráðinu. Ekið niður að Loftsbryggju (um Fjólugötu, Skothúsveg, Frikirkjuveg, Lækjargötu, Austurstræti, Aðalstræti, Vesturgötu, Grófina og Geirsgötu). Bifreiðaskrá 18.

Kvöldverður í KonungsskipinuNORGE.

Klæðnaður: Kjölföt, heiðursmerki.

Kl. 19.50: Forsetahjón koma að Loftsbryggju.

Kl. 20.00: Kvöldverður konungs um borð í konungsskipinu NORGE.

Kl. 23.00: Forseti Íslands og forsetafrú aka frá Loftsbryggju til Bessastaða (forsetabifreið 1).

LAUGARDAGUR 3. JÚNI

Reykholtsherð.

Kl. 8.45: Brottför frá Loftsbryggju út í K.S. NORGE (í íslenskum bát).

Kl. 9.00: K.S. NORGE siglir frá Reykjavíkurhöfn inn Hvalfjörð, að skipalægi Hvalfjarðarstöðvarinnar.

Kl. 10.30: Noregskonungur, forseti Íslands, fylgdarlið og gestir stiga á land á bryggju Hvalveiðistöðvarinnar í Hvalfirði. Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu tekur á móti á bryggjunni.

Kl. 10.35: Brottför frá Hvalveiðistöðinni. (Ekið um Leirársveit, fram hjá Hvítárvöllum, um Bæjarsveit, fram hjá Hesti, í Reykholt.)

Kl. 12.00: Komið að Reykholti. Staðurinn skoðaður undir leiðsögn Þóris Steinþórssonar skólastjóra og séra Einars Guðnasonar.

Kl. 13.00: Brottför frá Reykholti. Ekið að Bifröst.

Kl. 13.45: Komið í Bifröst. Hádegisverður.

LAUGARDAGUR 3. JÚNÍ

Kl. 15.45: Brottför frá Bifröst. Ekið að Laxfossi. Laxveiði. Ekið að veiðiskála Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Kl. 17.45: Brottför frá Norðurá.

Kl. 18.15: Ekið fram hjá Ferjukoti.

Kl. 19.15: Komið að Hvalveiðistöðinni. Farið um borð í K.S. NORGE. Siglt til Reykjavíkur.

Kl. 20.40: Komið á ytri höfnina í Reykjavík. Konungur kveður um borð. Forseti Íslands og aðrir Íslendingar, sem í förinni voru, fara í land með MAGNA.

Kl. 21.30: Konungsskipið NORGE og tundurspillirinn BERGEN sigla brott, og islenzkt varðskip fylgir þeim á leið.

MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ

Bifreiðaskrá 1.

Kl. 11.20: Frá Reykjavíkurhöfn að Ráðherrabústaðnum:

Forsetabifreið 1

Hans Hátign Noregskonungur
Forseti Íslands

Forsetabifreið 2

Forsetafrú
Sendiherrafrú B. Börde

Bifreið C

Utanríkisráðherra Halvard Lange
Utanríkisráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson
Þorleifur Thorlacius

Bifreið A

Grönvold stallari konungs
Dr. Sigurður Nordal
Lundesgaard ofursti

Bifreið B

Ambassador Bjarne Börde
Haugh major
Pétur Sigurðsson

Bifreiðaskrá 2: Eins og bifreiðaskrá 1.

MÍÐVIKUDAGUR 31. MAÍ

Bifreiðaskrá 3.

Kl. 15.30: Ekið frá Ráðherrabústaðnum í Fossvogskirkjugarð:

Forsetabifreið 1

Hans Hátign Noregskonungur
Dr. Sigurður Nordal

Bifreið C

Utanríkisráðherra Halvard Lange
Þorleifur Thorlacius

Bifreið A

Grönvold stallari konungs
Lundesgaard ofursti

Bifreið B

Haugh major
Pétur Sigurðsson

MÍÐVIKUDAGUR 31. MAÍ

Bifreiðaskrá 4.

Kl. 16.45: Fylgdarlið ekur að Ráðherrabústaðnum:

MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ

Bifreið C

(ekur frá norska sendiherrabústaðnum)
Utanríkisráðherra Halvard Lange
Ambassadör Bjarne Børde
Þorleifur Thorlacius

Bifreið A

(ekur frá Hótel Borg)
Grönvold stallari konungs
Dr. Sigurður Nordal
Lundesgaard ofursti

Bifreið B

(ekur frá Hótel Borg)
Haugh major
Pétur Sigurðsson

MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ

Bifreiðaskrá 5.

Kl. um 23: Konungur Noregs ekur frá Hótel
Borg að Ráðherrabústaðnum:

Forsetabifreið 1

Hans Hátign Noregskonungur
Dr. Sigurður Nordal

Bifreið C

Utanríkisráðherra Lange
Þorleifur Thorlacius

MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ

Bifreið A

Grönvold stallari konungs
Lundesgaard ofursti

Bifreið B

Haugh major
Thoresen skipherra
Pétur Sigurðsson

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreiðaskrá 6.

Kl. 9.45: Fylgdarlið ekur að Ráðherrabústaðnum:

Bifreið C

(ekur frá norska sendiherrabústaðnum)
Utanríkisráðherra Halvard Lange
Ambassador Bjarne Børde
Menntamálaráðherra dr. Gylfi D. Gíslason

Bifreið A

(ekur frá Hótel Borg)
Grönvold stallari konungs
Dr. Sigurður Nordal
Lundesgaard ofursti

Bifreið B

(ekur frá Hótel Borg)
Haugh major
Pétur Sigurðsson

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreiðaskrá 7.

Kl. 9.52: Ekið frá Ráðherrabústaðnum að Háskóla Íslands:

Forsetabifreið 1

Hans Hátign Noregskonungur
Forseti Íslands

Forsetabifreið 2

Forsetafrú
Menntamálaráðherra dr. Gyłfi D. Gíslason

Bifreið C

Utanríkisráðherra Halvard Lange
Ambassadur Bjarne Børde
Dorleifur Thorlacius

Bifreið A

Grönvold stallari konungs
Dr. Sigurður Nordal
Lundesgaard ofursti

Bifreið B

Haugh major
Pétur Sigurðsson

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreiðaskrá 8.

Kl. 12.10: Ekið frá Ráðherrabústaðnum til Bessa-
staða:

Forsetabifreið 1

Hans Hátign Noregskonungur
Dr. Sigurður Nordal

Bifreið C

Utanríkisráðherra Halvard Lange
Ambassador Bjarne Børde

Bifreið A

Grönvold stallari konungs
Lundesgaard ofursti

Bifreið B

Haugh major
Pétur Sigurðsson

Bifreiðaskrá 9: Eins og bifreiðaskrá 8.

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreiðaskrá 10.

Kl. 15.50: Fylgdarlið ekur að Ráðherrabústaðnum:

Bifreið C

(ekur frá norska sendiherrabústaðnum)
Útanríkisráðherra Halvard Lange
Ambassador Bjarne Børde og frú

Bifreið A

(ekur frá Hótel Borg)
Grönvöld stallari konungs
Dr. Sigurður Nordal
Lundesgaard ofursti

Bifreið B

(ekur frá Hótel Borg)
Haugh major
Pétur Sigurðsson

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreiðaskrá 11.

Kl. 15.55: Ekið frá Ráðherrabústaðnum að Melaskóla:

Forsetabifreið 1

Hans Hátign Noregskonungur
Forseti Íslands

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Forsetabifreið 2

Forsetafrú
Frú Börde

Bifreið C

Utanrikisráðherra Halvard Lange
Ambassador Bjarne Börde

Bifreið A

Grönvold stallari konungs
Dr. Sigurður Nordal
Lundesgaard ofursti

Bifreið B

Haugh major
Pétur Sigurðsson

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreiðaskrá 12.

Kl. 19.00: Fylgdarlið ekur að Ráðherrabústaðnum:

Bifreið C

(ekur frá norska sendiherrabústaðnum)
Utanrikisráðherra Halvard Lange
Dorleifur Thorlacius og frú

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreið A

(ekur frá Hótel Borg)

Grönvold stallari konungs
Lundesgaard ofursti
Dr. Sigurður Nordal og frú

Bifreið B

(ekur frá Hótel Borg)

Haugh major
Pétur Sigurðsson og frú

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreiðaskrá 13.

Kl. 20.30: Ekið frá Ráðherrabústaðnum að Þjóð-
leikhúsi:

Bifreið C

Útanríkisráðherra Halvard Lange
Útanríkisráðherra Guðmundur Í. Guðmunds-
son og frú

Bifreið A

Grönvold stallari konungs
Lundesgaard ofursti
Dr. Sigurður Nordal og frú

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreið B

Haugh major
Pétur Sigurðsson og frú

Kl. 20.37: Konungur og forsetahjón aka frá Ráð-
herrabústaðnum að Þjóðleikhúsi:

Forsetabifreið 1

Hans Hátign Noregskonungur
Forseti Íslands

Forsetabifreið 2

Forsetafrú
Forsetaritari Haraldur Kröyer og frú

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreiðaskrá 14.

Að lokinni hátíðasýningu í Þjóðleikhúsi verður
ekið að Ráðherrabústaðnum:

Forsetabifreið 1

Hans Hátign Noregskonungur
Forseti Íslands

Forsetabifreið 2

Forsetafrú
Forsetaritari Haraldur Kröyer og frú

FIMMTUDAGUR 1. JÚNÍ

Bifreið C

Utanríkisráðherra Halvard Lange
Dorleifur Thorlacius og frú

Bifreið A

Grönvold stallari konungs
Lundesgaard ofursti
Dr. Sigurður Nordal og frú

Bifreið B

Haugh major
Pétur Sigurðsson og frú

Reykjavíkurhöfn.

Klæðnaður: Árdegisbúningur (Jackett og pipu-hattur) eða einkennisbúningur.

Þeir menn, sem taldir eru á bls. 5 og 6 í dagskrá, séu komnir að höfninni (Loftsbryggju vestan Grófarbryggju) kl. 10.45. Forsetahjón koma á bryggjuna kl. 10.50 (lögreglufylgd).

Forsetahjón standi efst á bryggjunni, og gangi niður bryggjuna og taki á móti konungi, þegar hann stígur á land. Er forsetahjón hafa heilsað konungi og föruneyti, gangi þau upp bryggjuna þannig: Konungur til hægri handar forseta og forsetafrú til hægri handar konungi. Aðrir viðstaddir standi ofan við bryggju í þeirri röð, sem greinir í dagskrá, þannig að konungur og fylgdarmenn geti, þegar forsetahjón kynna viðstadda, fyrst heilsað forsætisráðherra, síðan utanríkisráðherra o. s. frv. Þorleifur Thorlacius sér um að leiðbeina mönnum, hvar þeir eiga að standa.

Konungur, forsetahjón og föruneyti staðnæmast fyrir ofan bryggju. Lúðrasveit, staðsett þeim á hægri hönd, leikur þá norska þjóðsönginn og strax á eftir íslenska þjóðsönginn.

Að því loknu ganga forsetahjón Íslands, kon-

ungur Noregs og fylgdarlið til móts við ríkisstjórn og viðstadda embættismenn, og forseti kynnir viðstadda fyrir konungi. Að lokinni kynningu verður sezt í bifreiðir eins og segir í bifreiðaskrá 1.

Móttökuathöfn fer fram á afgirtu svæði. Séð verði um, að blaðamenn og ljósmyndarar fái aðgang að tilteknum stað innan þess svæðis, og verði þeim afhent sérstakt skirteini. Bjarni Guðmundsson blaðafulltrúi sjái um blaðamenn og ljósmyndara.

Lagt af stað frá höfninni, er konungur hefur heilsað, um kl. 11.20.

2 farangursbifreiðir og 2 fólksbifreiðir séu til ráðstöfunar og flytji farangur á Hótel Borg og í Ráðherrabústað.

Flutningur farangurs verði frá annarri bryggju og áður en konungur stigur á land. Gunnar Bergsteinsson gangi frá þessu atriði við fylgdarmenn konungs og hafnarstjóra. Starfsmaður hafnarstjóra þarf að hafa menn til aðstoðar við flutning farangurs. Þá þarf lögreglumadur að vera í fylgd með bifreiðunum, er flytja þjónustufólk og farangur í Ráðherrabústað og að Hótel Borg.

Konungur ekur um Geirsgötu, Pósthússtræti, Hafnarstræti, Lækjartorg, Lækjargötu, Vonarstræti og Tjarnargötu. Lögreglustjóri ekur á undan bílalestinni, en 4 lögreglumenn fylgja á bifhjólum samkvæmt nánari fyrirmælum lögreglustjóra. Lögreglubifreið ekur á eftir bílalestinni.

Þegar að Ráðherrabústað kemur nemur bíla-
lestin staðar, en konungur og forsetahjón ganga
í bústaðinn.

Trúnaðarmál.

Miðvikud. 31. maí.

Komið í Ráðherrabústað.

Þegar konungur og forsetahjón koma í bústaðinn kl. 11.40 verði forsetaritari þar fyrir og einnig Pétur Danielsson og frú Dýrfinna Oddfreðsdóttir. Starfsfólk til að taka á móti yfirhöfnum.

Fyrir utan bústaðinn verði 4 lögregluþjónar. Konungsfáni Noregs og íslenzki tjúgufáninn verði við hún á fánastöngum bústaðarins alla dagana, sem heimsókn konungs stendur yfir. Norski fáninn á nyrðri stönginni, en hinn íslenzki á hinni syðri. Lögregla sjái um flöggun.

Forsetahjón fylgja konungi í miðstofu og síðan forseti til íbúðar á efri hæð.

**Athöfn á Austurvelli
kl. 12.07.**

Kl. 12.05

koma bifreiðir Noregskonungs, forseta Íslands og föruneysis að dyrum Alþingishússins. Í fördyri hússins biði tveir sjóliðsforingjar af skipi konungs með blómsveig, er þeir ganga með út á milli sín, þegar konungur og forseti hafa stigið úr bifreið sinni, en bifreiðir aka burtu vestur eftir Kirkjustræti, þar sem þær svo snúa við og bíða til loka athafnarinnar á Austurvelli.

Konungur og forseti ganga síðan rakleiðis fram göngustíginn að stytta Jóns Sigurðssonar, en hinir tveir sjóliðsforingjar fylgja þeim eftir með blómsveiginn og afhenda konungi hann við styttauna, þar sem konungur leggur hann að fótstallinum. Þá syngja Karlakór Reykjavíkur og Karlakórinn Fóstbræður þjóðsöngva Norðmanna og Íslendinga, en að því loknu ganga forseti og konungur að dyrum Alþingishússins, þar sem forsetar þingsins og skrifstofustjóri heilsa konungi og ganga í húsið. Forseti sameinaðs Alþingis fylgir konungi og hefur hann sér til hægri handar. Deildarforsetar gangi í húsið með forseta Íslands. Síðan ganga konungur og forseti Íslands fram á svalir Alþingishússins og heilsa viðstödd-

um. Þá syngja karlakórarnir konungssönginn norska. Að loknum söng hylla viðstaddir konung með ferföldu húrrahrópi, og stjórnar skátahöfðingi Íslands því. Að því loknu ganga konungur og forseti aftur inn í sal neðri deildar Alþingis, og þaðan í fylgd forseta Alþingis úr húsinu á sama hátt og áður, að bifreið konungs, sem þá hefur verið ekið að anddyri hússins.

Á Austurvelli verði skátar (piltar og stúlkur) með fána meðfram göngustigum frá gatnamótum Pósthússtrætis og Kirkjustrætis að stytta Jóns Sigurðssonar (einföld röð) annars vegar, og hins vegar á sama hátt frá gatnamótum Thorvaldsensstrætis og Kirkjustrætis. Í geiranum bak við skátaröð vestan megin verði karlakórarnir. Framan við skátaraðirnar austan við göngustig frá dyrum Alþingishússins verði ríkisstjórnin, borgarstjóri, forseti bæjarstjórnar og lögreglustjóri, — en vestan við stíginn sendiherra Noregs, sendiherra Íslands í Noregi, skipherrann á BERGEN, norski sendiráðsritarinn, norskt og íslenskt fylgdarlið ásamt skátahöfðingja Íslands. Forsetar Alþingis og skrifstofustjóri verði neðan við þrep aðaldyra alþingishússins. Ráðherrar fari inn í húsið með konungi.

Áhorfendur og skólabörn (með norska og íslenska fána) fylli aðliggjandi götur — Pósthússtræti og Kirkjustræti að Templarasundi, og Thorvaldsensstræti, Kirkjustræti að Listamannaskálanum. Skátar og lögregla raðar og stjórnar mannfjöldanum og sér um, að aðrir fari ekki

inn á sjálfan völlinn en þeir, sem áður voru taldir.

Blaðamenn og blaðaljósmyndarar fari um eins og þeir vilja, en gæti þess að trufla eigi athöfnina. — Athöfninni við Austurvöll verði útvarpað.

Trúnaðarmál.

Miðvikud. 31. maí.

Athöfn í Fossvogskirkjugarði.

Heiðursvörður frá tundurpillinum BERGEN gengur fylktu liði frá Loftsbryggju um þær götur, sem lögreglustjóri til tekur, og er kominn að norska minnisvarðanum í Fossvogskirkjugarði fyrir kl. 15.30, og tekur sér þar stöðu.

Kl. 15.30

koma ambassador Noregs og sendiráðsritari á staðinn. Sendiráðsritarinn sér um blómsveig þann, er Noregskonungur leggur að minnisvarða.

Kl. 15.40

ekur bifreið Noregskonungs og hins norska og íslenzka fylgdarliðs að kirkjugarði. Lögregluþjónar séu við hliðið og leiðbeini um, hvar bifreið konungs skuli nema staðar.

Strax að athöfn lokinni verði ekið aftur sömu leið að ráðherrabústaðnum.

Trúnaðarmál.

Miðvikud. 31. maí.

**Móttaka konungs Noregs í Ráðherra-
bústað fyrir ambassadora, sendi-
herra og aðra forstöðumenn
erlendra sendiráða.**

Klæðnaður: Árdegisbúningur.

Kl. 17.00:

Ambassador Noregs Bjarne Børde kynnir. Viðstaddir verði Lange utanrikisráðherra, Grönvold konungsstallari, Lundesgaard ofursti og Haugh major, auk Agnars Kl. Jónssonar ráðuneytisstjóra og Þorleifs Thorlacius deildarstjóra.

Fulltrúar erlendra ríkja mæti í Ráðherrabústaðnum kl. 16.45 og safnist saman í borðstofu hússins, en konungur tekur á móti þeim í miðstofu (aðalstofu). Þeir ganga inn einn í einu samkvæmt venjulegum reglum, heilsa konungi og fara síðan í gegnum norðausturstofuna og þaðan út í forstofuna og brott.

Í Ráðherrabústað þurfa að vera þjónar og aðstoðarstúlkur til þess að taka við yfirhöfnum manna, opna dyr o. s. frv.

Trúnaðarmál.

Miðvikud. 31. maí.

Kvöldverður að Hótel Borg.

Bifreiðir boðsgesta aki um Skólalbrú að suður-
dyrum Hótel Borgar. Lúðrasveit leiki á Austur-
velli frá kl. 19.20—19.55.

Kl. 19.20—19.50

komi boðsgestir. Gengið um suðurdyr og síðan
í borðsal. Hver maður standi hjá sæti sínu kl.
20.10.

Kl. 20.00:

Fylgdarlið konungs kemur að Hótel Borg um
aðaldyr og gangi að sætum sínum. Íslenska
fylgdarliðið kynni norska fylgdarliðið fyrir sessu-
nautunum við borðið.

Kl. 20.05:

Forsetahjón komi að Hótel Borg — aðaldyrum.
Forsetaritari verði þar fyrir.

(Lögreglumenn á bifhjólum fylgi þeim frá
Bessastöðum að Hótel Borg.)

Kl. 20.13:

Konungur, ásamt íslenskum fylgdarmanni (Sig-
urði Nordal), kemur að Hótel Borg, og taka for-
setahjón á móti honum í anddyri. Lögreglumenn
á bifhjólum aka á undan og eftir konungsbifreið.

(Fatageymsla inn af aðalduum notuð fyrir konung, forsetahjón og fylgdarlið. 2—3 stúlkur verði í fatageymslu.)

Yfirþjónn gefi hljómsveitinni merki, þegar konungur og forsetahjón eru tilbúin að ganga til sæta sinna og verður þá leikinn marche (sem lýkur, þegar heiðursgestur er settur í sæti sitt). Hljómsveitin aðgæti að leika ekki marche fyrr en um leið og konungur og forsetahjón ganga í fremri veitingasal. Konungur gengur með forsetafrú og forseta til borðs, og gengið er gegnum forsal (vestursal) að háborði við suðurvegg. Ljósmyndarar (Pétur Thomsen og Vigfús Sigurgeirsson) verði fengnir til að taka myndir í forsal, þegar heiðursgestur gengur þar inn, svo og við byrjun borðhalds og þegar konungur og forseti flytja ræður sínar.

Þjónar séu við stóla heiðursgests og forsetahjóna, er þau taka sér sæti.

Þegar fiskrétturinn hefur verið snæddur, sé blásið í lúðra. Þá flytur forseti Íslands ræðu sína. Strax að henni lokinni leikur hljómsveitin norska þjóðsönginn. Hálfur mínútu hlé. Þá lúdrablástur á ný. Noregskonungur flytur nú ræðu sína, en strax að henni lokinni leikið „Ó, Guð vors lands“. Þessum atriðum verði útvarpað.

Undir borðum leikur hljómsveitin létt klassísk lög. Tónleikaskrá verði á borðunum.

Þegar borðhaldi lýkur (forseti lætur þjón vita, þegar standa á upp frá borðum) — ganga konungur og forsetahjón (á sama hátt og áður) úr

borðsal í forsal, og síðan aðrir boðsgestir. Borð í forsal verði tekin upp í skyndi.

Í forsal verði borið um kaffi með koníaki og líkjör.

Hljómsveitin leikur aðeins meðan á borðhaldinu stendur og verði búin að flytja sig, þegar staðið er upp frá borðum.

Eftir borðhald sér hið íslenska fylgdarlið um að kynna norska föruneytið fyrir viðstöddum, eftir því sem tók eru á, og einnig sér íslenska fylgdarliðið um að hafa samband við þá menn, sem forseti kann að óska að kynna fyrir konungi. Ambassador Íslands í Noregi aðstoði við þetta.

Blaðaljósmyndarar, sem til þess hafa fengið sérstök skirteini, taki myndir í forsal, þegar konungur gengur inn, en ekki meðan setið er að borðum.

„Gyllti salurinn“ og forsalur verði skreyttur blómum og blátt tjald þeki suðurvegg „Gyllta salar“. Hljóðnemum verði komið fyrir þar, sem konungur og forseti sitja.

Um kl. 23.00:

Konungur ekur frá Hótel Borg að Ráðherra-bústað í fylgd íslensks fylgdarmanns síns, en stuttu síðar aka forsetahjón til Bessastaða (sjá bifreiðaskrá).

Kl. 23.30:

Veizlulok.

Trúnaðarmál.

Fimmtud. 1. júní.

Heimsókn í Háskóla Íslands kl. 9.55.

Klæðnaður: Árdegisbúningur eða dökk jakka-
föt.

Kl. 9.55

koma bifreiðir Noregskonungs, forsetahjóna og föruneytis að þrepum háskólans. Háskóla-
rektor og deildarforsetar verði í ytra anddyri og gangi niður þrepin til móts við bifreið konungs um leið og hún ekur að dyrunum. Í för með konungi verði utanríkisráðherra Halvard Lange, ambassador Bjarne Børde, og norskt og íslenskt fylgdarlið:

- 1) stallari Odd Grönvold,
- 2) ofursti E. T. Lundesgaard,
- 3) adjutant, major Arne Haugh,
- 4) skipherrann á BERGEN, orlogskapteinn Kristen Brekke,
- 5) dr. Sigurður Nordal, prófessor,
- 6) Pétur Sigurðsson, forstjóri,
- 7) Gunnar Bergsteinsson, skipherra,
- 8) Þorleifur Thorlacius, deildarstjóri.

Menntamálaráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason komi í bifreið með utanríkisráðherra Noregs og ambassador Noregs í ráðherrabústaðinn og aki þaðan að háskólanum í bifreið með forsetafrúnni.

Þegar háskólarektor, Ármann Snævarr, hefur heilsað konungi og forsetahjónum kynnir hann deildarforseta fyrir konungi. Síðan sé gengið í háskólann. Noregskonungur gangi til hægri handar háskólarektor, og forseti til hægri handar konungi, þar á eftir menntamálaráðherra Íslands, forsetafrúin og utanrikisráðherra Noregs, en síðan fylgdarlið konungs og deildarforsetar.

Þegar menn hafa skilið eftir yfirhafnir í anddyri, verði gengið í hátíðasal á sama hátt og að framan greinir. (Nokkrar stúlkur þurfa að vera í fatageymslunni, svo að unnt sé samtímis að taka við yfirhöfnum allra framangreindra gesta og fjórir stúdentar verði fengnir til að vera við ytri og innri dyr til að opna, þegar gestir koma og fara. Einnig verði menn til að vísa til sætis í hátíðasal.) Um leið og konungur og forsetahjón ganga í salinn verði lúðrar þeyttir og viðstaddir risi úr sætum. Gestum verði raðað á fyrstu bekkina og miðar með nöfnum þeirra festir á stólbök-in. Á veggnum gegnt inngöngudyrum verði komið fyrir islenskum fána og norskum (norska fánanum hægra megin). Jaðar sviðsins verði skreyttur blómum, og sviðið stækkað þannig, að uppgangurinn á það verði færður fram. Sæti fyrir Noregskonung og forsetahjón verði sunnanmegin á sviðinu. Verði þar komið fyrir þremur stólum úr skrifstofu háskólarektors. En norðanmegin á sviðinu verði hljóðnemi, og þaðan flytji rektor ávarp sitt og Davíð Stefánsson kvæði sitt. Enginn ræðustóll verði á sviðinu. Dómkirkjukórinn

verði á sviðinu, er hann syngur (en ekki á svölum). Athöfninni í háskólanum verði útvarpað beint eða síðar og hún tekin á segulband til varðveislu í hljómplötudeild Þjóðminjasafnsins. Á fánastöngum háskólans verði flaggað með norskum og íslenskum fána (norska þjóðfánanum á nyrðri stönginni, en íslenska tjúgufánanum á syðri stönginni). Norðanmegin á svölum verði ljósmyndurum ætluð nokkur sæti. Háskólarektor sjái um að tilkynna háskólastúdentum, að þeim sé að öðru leyti velkomið að vera á svölum salarins og í anddyrinu uppi og niðri, nema á afmörkuðu svæði, þar sem gestir ganga um. Hins vegar verður stúdentaráð og formenn hinna ýmsu félaga háskólastudenta í salnum. — Komið verði fyrir hátalara í anddyri og e. t. v. í salnum sjálfum. Þegar allir eru komnir í sæti gengur háskólarektor að hljóðnemanum á sviðinu og flytur ávarp, ca. 10 mínútur. Síðan flytur Davíð skáld Stefánsson kvæði sitt, sem Noregskonungur fái áður í hendur efnislega þýtt á norsku. Dómkirkjukórinn undir stjórn dr. Páls Ísólfssonar syngur norsk og íslensk þjóðlög. Að söngnum loknum gengur háskólarektor til konungs og forsetahjóna og fylgir þeim úr salnum og ganga menn út á sama hátt og í salinn.

Ávarp rektors verði flutt á norsku.

Áriðandi er, að allir verði komnir í sæti, þegar konungur og forsetahjón ganga í salinn kl. 9.55, og eftir það verði engum hleypt inn, þótt einhverjir kynnu að koma of seint.

Forseti Íslands kynni Davíð Stefánsson og dr. Pál Ísólffsson fyrir konungi um leið og gengið er úr salnum.

Blaðaljósmyndarar fái að taka myndir niðri í salnum áður en rektor hefur ávarp sitt, en síðan af svölum.

(Einn aukastóll verði við hvern bekksenda norðanmegin og ein aukastólaröð aftast, sem er ætluð blaðamönnum. Verða þá alls í salnum $15 \times 15 = 225$ sæti, auk þriggja sæta sunnanmegin á sviðinu.)

Trúnaðarmál.

Fimmtud. 1. júní.

Heimsókn í Þjóðminjasafn.

Klæðnaður: Árdegisbúningur eða dökk jakkaföt.

Kl. 10.50:

Komið að Þjóðminjasafnshúsi (beint frá athöfn í háskólanum).

Þjóðminjavörður, dr. Kristján Eldjárn, taki á móti gestunum fyrir neðan þrepin að aðalinnangi í safnið. Með konungi verði: Forseti Íslands (forsetafrúin kemur ekki), Halvard Lange, utanríkisráðherra, Odd Grönvold, konungsstallari, E. T. Lundesgaard, ofursti, Arne Haugh, major, Bjarne Børde, ambassador, Finn Sandberg, sendiráðsritari, dr. Gylfi Þ. Gíslason, menntamálaráðherra, Haraldur Guðmundsson, ambassador, dr. Sigurður Nordal, prófessor, Pétur Sigurðsson, forstjóri, og Þorleifur Thorlacius deildarstjóri.

Flaggað verði með íslenzka tjúgufánanum á stóru fánastönginni, en með norskum þjóðfánunum á báðum stöngunum við þrepin að safninu.

Í innra anddyri safnsins verði fyrir safnverðirnir Gísli Gestsson og Þorkell Grímsson. Þjóðminjavörður kynni þá fyrir konungi og forseta, en fylgdarmenn fyrir öðrum gestum. Þjóðminjavörður fylgi konungi og forseta um safnið, en safnverðir öðrum gestum.

Kl. 11.45:

Brottför frá Þjóðminjasafni. Þjóðminjavörður
fylgi konungi og forseta að bifreiðunum.

Trúnaðarmál.

Fimmtud. 1. júní.

Bessastaðakirkja.

Kl. 12.30:

Forsetahjón taka á móti konungi við kirkjuhliðið.

Biskup landsins, ásamt prófasti, taki á móti konungi og forsetahjónum í kirkjudyrum.

Biskup fylgir konungi og forseta til sæta. Konungur í miðju, en forseti honum til hægri handar. Prófastur fylgi forsetafrú til sætis, forsetafrú til hægri handar honum.

Síðan komi föruneysi konungs og forsetahjóna.

Premur stólum verði komið fyrir í kór í einni röð. Konungur sitji í miðju og forsetafrú honum til hægri handar.

Hið norska föruneysi sitji á fremsta bekk að vestanverðu.

Á öðrum bekk að vestanverðu sitji islenzka fylgdarliðið.

Á þriðja og fjórða bekk að vestanverðu sitji aðrir sérstakir boðsgestir forseta Íslands.

Forsetaskrifstofan sjái um starfslið þannig, að mönnum verði leiðbeint til sætis á 4 fremstu kirkjubekkjum að vestanverðu.

Að öðru leyti sé öllum heimill aðgangur að kirkjunni.

Athuga, að ekki á að leika þjóðsöngva í kirkjunni.

Kl. 13.05:

Messulok.

Biskup og prófastur fylgi konungi og forsetahjónum úr kirkju.

Trúnaðarmál.

Fimmtud. 1. júní.

Hátíðasýning í Þjóðleikhúsinu kl. 20.45.

Klæðnaður: Kjölföt, heiðursmerki.

Kl. 20.30

ekur utanrikisráðherra Noregs með utanrikisráðherrahjónunum íslenzku, svo og föruneyti og fylgdarliði konungs frá ráðherrabústaðnum að Þjóðleikhúsi um Tjarnargötu, Skothúsveg, Frikkirkjuveg, Lækjargötu, Lækjartorg, Hverfisgötu að aðaldyrum Þjóðleikhússins. Þessir boðsgestir fara þegar til sæta sinna í leikhúsi. Utanrikisráðherrahjónin með utanrikisráðherra Noregs í stúku hægra megin. Annað fylgdarfolk í sæti til vinstri fremst í sal.

Kl. 20.37

aka konungur og forsetahjón frá ráðherrabústað, sömu leið og að framan getur að aðaldyrum leikhússins. Á fánastöngum hússins verði flaggað með norska þjóðfánanum á eystri stönginni, en íslenzka tjúgufánanum á vestari stönginni. Þegar bifreið konungs og forsetahjóna kemur að þrepum leikhússins, gangi þjóðleikhússtjóri og formaður þjóðleikhúsráðs til móts við bifreiðina. Formaður þjóðleikhúsráðs afhendi forsetafrú blómvönd, en forseti kynni formann og þjóðleik-

hússtjóra fyrir konungi. Þjóðleikhússtjóri gangi með konungi og forseta, konungur í miðju, forseti til hægri handar konungi. Þar á eftir formaður þjóðleikhússráðs með forsetafrú sér til hægri handar.

Þegar komið er inn í vinstra anddyri, fylgi þjóðleikhússtjóri og formaður þjóðleikhússráðs konungi og forsetahjónum rակleitt í biðherbergið við forsetastúkuna. Síðan fari þjóðleikhússtjóri og formaður þjóðleikhússráðs beint (engin myndataka) til sæta sinna. Nákvæmlega tveim mínútum eftir skal stúlka, sem gætir dyra forsetastúkunnar, gefa forsetahjónunum merki um, að þau og konungur skuli ganga til stúku. Um leið og stúkudyrnar opnast eru lúðrar þeyttir úr efri stúku gegnt forsetastúku. Leikhúsgestir rísi þá allir á fætur, er lúðrablasturinn hefst. Konungur og forsetahjón taka sér stöðu í stúkunni, þannig að konungur sé í miðið, en forsetafrú honum til hægri handar. Strax og konungur og forsetahjón hafa tekið sér stöðu í stúkunni, leikur hljómsvetin þjóðsöngva Noregs og Íslands, en um leið og því lýkur, biður formaður þjóðleikhússráðs viðstadda að hylla konung með ferföldu húrrahrópi.

Í hléinu, sem verður 45 mínútur, ganga konungur og forsetahjón fyrst úr stúku sinni og upp í „Kristalssalinn“. Þegar þau hafa gengið hjá salardyrum, skal opna dyrnar á salnum, en á neðri svölum eigi fyrr en þau eru komin í „Kristalssalinn“. Veitingar verða bornar fram í öllu

húsinu. Telpur í íslenskum þjóðbúningum beri gestum kökur. Konungur og forsetahjón dveljast í „Kristalssalnum“ meðan hléið varir, eða ganga um húsið eftir vild. Tveir kjólklaðdir lögreglumenn verði jafnan á næstu grösunum til að sjá um, að þau komist greiðlega leiðar sinnar. Í hléinu kynnir forseti dr. Pál Ísólffsson og söngstjóra kóranna, ásamt einsöngvurum fyrir konungi, og sé það gert í lok hlésins, í biðherbergi forsetastúku, áður en gengið er í sal að nýju.

Sömu menn fylgi konungi og forsetahjónum að bifreiðum og tóku á móti heim. Leikstjóri og allir leikendur hafi tekið sér stöðu framan við fataafgreiðsluborðið og heilsar konungur heim, er hann fer úr stúkunni á leið úr húsinu. Dyr salanna verði ekki opnaðar fyrr en konungur og forsetahjón hafa gengið til aðaldyra.

Blaðaljósmyndurum frá dagblöðunum í Reykjavík, „Víkunni“ og „Fálkanum“ er frjálst að taka ljósmyndir í hléinu, ef þeir óska, en nauðsynlegt, að þeir hafi áður tryggt sér aðgönguskrifteini hjá konungskomunefnd.

Trúnaðarmál.

Föstud. 2. júní.

Þingvallaför.

Í Þingvallaför verði, auk Noregskonungs og forseta Íslands:

Utanríkisráðherra Noregs Halvard Lange,
utanríkisráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson,
form. Þingvallanefndar Emil Jónsson ráðherra,
stallari Odd Grönvold,
ofursti E. T. Lundesgaard,
major Arne Haugh,
Pétur Sigurðsson,
Þorleifur Thorlacius,
dr. Kristján Eldjárn,
ambassador Noregs Bjarne Børde,
ambassador Haraldur Guðmundsson,
forsetaritari Haraldur Krøyer,
húsameistari ríkisins Hörður Bjarnason,
lögreglustjóri Sigurjón Sigurðsson,
blaðafulltrúi Bjarni Guðmundsson.

Kl. 8.15

ekur form. Þingvallanefndar frá Reykjavík og í bifreið hans verða að auki forsetaritari, húsameistari ríkisins og blaðafulltrúi.

Kl. 8.30

aka konungur og fylgdarlið frá ráðherrabústaðnum samkvæmt bifreiðaskrá 15.

Kl. um 9.30:

Staðnæmst hjá Lögbergi, og tekur formaður Þingvallanefndar og þjóðgarðsvörður þar á móti gestunum.

Gengið á Lögberg, þar sem dr. Kristján Eldjárn segir sögu staðarins.

Kl. 9.45:

Gengið frá Lögbergi að ráðherrabústaðnum á Þingvöllum, ef veður leyfir, annars ekið.

Hressing í ráðherrabústað.

Kl. 10.45:

Lagt af stað til Reykjavíkur.

Gæta þess, að fáni verði við hún á Lögbergi, svo og á Þingvallabæ og við ráðherrabústað.

Trúnaðarmál.

Föstud. 2. júní.

Hádegisverður í Sjálfstæðishúsinu kl. 13.00.

Gestgjafi: Ríkisstjórnin.

Klæðnaður: Árdegisbúningur eða dökk jakkaföt.

Kl. 12.40—12.55:

Forsætisráðherra og aðrir ráðherrar, ásamt frúm þeirra, taka á móti boðsgestum í Sjálfstæðishúsinu. — Gestir, þ. á m. föruneysi konungs, séu allir komnir að sætum sínum eigi síðar en kl. 12.58, svo og ráðherraþjón, nema forsætisráðherra og frú.

Kl. 13.00

koma Noregskonungur og forsetaþjón að Sjálfstæðishúsinu. Forsætisráðherraþjónin taki ein á móti þeim í anddyri hússins. Þjónar verði til að taka við yfirhöfnum og opna hurðir. Nauðsynlegt, að unnt sé að taka við yfirhöfnum allra í einu, svo að engin töf verði.

Forsætisráðherraþjónin fylgja síðan gestunum til sætis: Forsætisráðherrafrú konungi og forseta, en forsætisráðherra forsetafrú. — Forsætisráðherra ris á fætur, þegar menn eru seztir að borðum og býður gesti velkomna í nafni ríkisstjórnarinnar með örfáum orðum. (Konungi hefur nú

þegar verið skýrt frá, að ekki sé ætlað til, að hann flytji ræðu.)

Þegar staðið er upp frá borðum, verði kaffi borið fram á „svölunum“. Þar verði borð fyrir alla, sem vilja sitja, og kaffið borið um, hvort sem menn vilja neyta þess standandi eða sitja við borðin.

Forsætisráðherrahjónin fylgi konungi og forsetahjónum til dyra á sama hátt og í salinn, — kl. 14.45 (eða litlu síðar, eftir atvikum).

Trúnaðarmál.

Laugard. 3. júní.

Reykholtsför.

Klæðnaður: Hversdagsföt.

Kl. 8.30

Verði bátur til staðar við Loftsbryggju, er flytji forseta Íslands og gesti um borð i konungsskipið. Landhelgisgæzlan sjái um bátinn, eða tvo báta, ef nauðsynlegt reynist, þannig að allir gestir geti farið samtímis frá bryggju.

Kl. 8.50

brottför frá Loftsbryggju.

Í förinni verði, auk Noregskonungs og forseta Íslands: Utanrikisráðherra Noregs Halvard Lange, forsætisráðherra Ólafur Thors, utanrikisráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson og þeir ráðherrar aðrir, sem geta komið því við, stallari Odd Grönvold, ofursti E. T. Lundesgaard, major Arne Haugh, dr. Sigurður Nordal, Pétur Sigurðsson, Þorleifur Thorlacius, ambassador Bjarne Børde, ambassador Haraldur Guðmundsson, dr. Kristján Eldjárn, ráðuneytisstjóri A. Kl. Jónsson, forsetaritari Haraldur Krøyer, húsam. ríkisins Hörður Bjarnason, blaðafulltrúi Bjarni Guðmundsson, lögreglustjóri Sigurjón Sigurðsson, vegamálastjóri Sigurður Jóhannsson og sýslumaður Jón Steingrímsson. (Sýslumaður verði á bryggjunni

í Hvalfirði og taki þar á móti gestunum og ekur með um Borgarfjörðinn.)

Á skipinu verði auk þess fréttamaður Ríkisútvarpsins — þar eð konungur hefur boðið einum fréttamanni að vera með þar, og Vigfús Sigurgeirsson, ljósmyndari. Séu þeir komnir um borð kl. 8.30.

Kl. 9.00

siglir K.S. NORGE frá Reykjavík inn Hvalfjörð og leggst fyrir akkeri á skipalægi hvalveiðistöðvarinnar. (Ekki er gert ráð fyrir, að íslenskt varðskip fylgi konungsskipi.)

Sezt í bifreiðir á bryggjunni samkvæmt bifreiðaskrá 19 og ekið rakleiðis í Reykholt. Í Reykholti taka á móti gestum skólastjóri og prestur staðarins, ásamt alþingismönnum héraðsins. Gengið verður að Snorralaug, og staðurinn að öðru leyti skoðaður undir leiðsögn Þóris Steinþórssonar, skólastjóra, séra Einars Guðnasonar og dr. Sigurðar Nordal. Léttar veitingar verði bornar fram í skólastofum á 1. hæð (ekki áfengi). Þorvaldur Guðmundsson, forstjóri, sér um þær.

Staðnæmst verður í Reykholti um klukkutíma og ekið þaðan kl. 13.00 að Bifröst, þar sem hádegisverður er snæddur. Þorvaldur Guðmundsson sér um hádegisverðinn. Noregskonungur, forseti Íslands og gestir snæði í suðurstofu, en blaðamenn, ljósmyndarar og aðrir í förinni í matsal.

Aðrir gestir, sem ekki voru taldir í upphafi, en koma til hádegisverðar í Bifröst, eru: Skóla-

stjóri í Reykholti, prestur staðarins, þingmenn héraðsins, skólastjóri Samvinnuskólans og formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Kl. 15.45

verður ekið frá Bifröst að Laxfossi, þar sem konungur og forseti Íslands munu e. t. v. reyna laxveiði. Viðdvöl í hæsta lagi 45 mínútur. Síðan verður ekið að veiðiskála Stangaveiðifélags Reykjavíkur og drukkið kaffi í boði stjórnar þess.

Kl. 17.45

verður ekið frá Norðurá rakiðis að bryggju í Hvalfirði og fara þar sömu gestir um borð í konungsskipið og með því komu um morguninn.

Sígt verður á ytri höfn Reykjavíkur, þar sem forseti Íslands og hinir íslensku gestir kveðja konung og fylgdarlið, og fara í land með íslenskum bátum. Landhelgisgæzlan sjái um, að bátar séu til taks á ytri höfninni, þegar konungsskipið nálgast.





